

Mál nr. 156/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X.****Réttur til bóta vegna afleiðinga umferðaróhapps 15.12.2015.****Gögn.**

Málskot, móttekið 5.5.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 10.5.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið aftur á bak á bifreiðastæði á bifreið sem M ók. Leitaði M á slysadeild um sólarhring síðar eftir að hafa fallið í yfirlið rekur það til stífnis í hálsi og baki sem hún rekur til umferðaróhappsins.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón sem greiða eigi bætur fyrir skv. skaðabótalögum og að hún hafi gefið réttar upplýsingar um afleiðingar þess frá upphafi. M telur að tilvísun V til 2. mgr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. bréf félagsins dags. 12.5.2016 eigi ekki við.

V vísar til þess í bréfi sínu til nefndarinnar að höfnun félagsins byggist á því að ekki sé sýnt að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappinu, þ.e. að orsakatengsl séu ekki sönnuð milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M reki til þess. Sönnunarbyrði um það hvíli á M og gögn málsins séu ekki óyggjandi um orsakatengsl.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi leitað á slysadeild eftir yfirlið um sólarhring eftir árekstur þegar bifreið X var ekið á bifreið hennar. Í tjónstilkynningu vegna umferðaróhappsins kemur fram að minniháttar sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum eftir áreksturinn. Í lækisfræðilegum gögnum málsins er almennum einkennum lýst sem nefndin hefur ekki forsendur til að tengja með nægilega skýrum hætti við umræddan árekstur. Sönnunarbyrði hvílir á M um að orsakatengsl séu sönnuð og m.v. fyrirbyggjandi gögn verða þau ekki talin nægilega sönnuð þannig að forsenda sé til bótagreiðslna af hálfu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.